

Hampiðjan hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. september 2025**

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. september 2025**

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	2
Samandreginn rekstrarreikningur.....	3
Yfirlit um heildarafkomu.....	3
Samandreginn efnahagsreikningur.....	4
Yfirlit um breytingar á eigin fé.....	5
Samandregið sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 15

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Skarfagörðum 4
Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til september 2025 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 6.186 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 269.691 þúsund evrur en af þeirri fjárhæð eru 14.201 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til samandregna árshlutareikningsins um rekstur samstæðunnar á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Tekjur samstæðu Hampiðjunnar á tímabilinu jukust um 19,06% á milli tímabila og nema 277,6 m. evra samanbórið við 233,2 m. evra á sama tímabili árið áður. Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) félagsins hækkaði á milli tímabila um 15,1% og nemur 33 m. evra samanbórið við 28,7 m. evra sama tímabil árið áður eftir að búið var að leiðrétta fyrir aflagðri starfsemi. Hagnaður samstæðunnar lækkaði á milli tímabila og nam 6,2 m. evra samanbórið við 9,3 m. evra á sama tímabili árið 2024.

Í byrjun febrúar 2025 tilkynnti félagið að það hefði undirritað samning um kaup á 75,1% hlut í indverska neta- og kaðlaframleiðslufyrirtækinu Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. Gengið hefur verið frá formsatriðum og minniháttar fyrirvörum og kemur félagið inn í samstæðu Hampiðjunnar hf. frá og með byrjun febrúar 2025. Gengið var frá greiðslu kaupverðsins á öðrum ársfjórðungi 2025. Kohinoor er einn stærsti framleiðandi kaðla og neta á Indlandi með um 700 starfsmenn og þrjár starfsstöðvar. Tvær neta- og kaðlaverksmiðjur í Selu og netaverkstæði í Jalna. Félagið er einnig með söluskrifstofur víða á Indlandi. Fyrir Hampiðjuna skapa þessi viðskipti mikla möguleika á hagræðingu í rekstri og sókn inn á nýja markaði. Virðisikeðja Hampiðjunnar, frá plastkornum til fullkomnustu flottrolla og fiskeldiskvía, breikkar við kaupin á Kohinoor og rennir enn styrkari stoðum undir reksturinn. Búið er að festa kaup á 120.000 m² landi á iðnaðarsvæðinu Auric sem er nálægt borginni Aurangabad. Þar stendur til að hefja byggingu á um 24.000 m² húsi fyrir starfsemi sem fyrirhugað er að flytja til Indlands frá Evrópu og koma þeirri starfsemi í gang á fyrrihluta næsta árs.

Tækifærin sem skapast við þessi viðskipti eru fjölpætt. Í stað þess að flytja starfsemi til Litháen í meira mæli, eins og ætlunin var áður, þá verður starfsemin aukin á Indlandi með því að flytja hluta af framleiðslu tengda fiskeldi, sem hefur verið staðsett í Noregi, Póllandi og Litháen til Kohinoor. Með kaupunum á Kohinoor opnast einnig möguleikar til að sækja inn á markaði sem ekki hafa verið aðgengilegir vegna fjarlægðar frá Evrópu og hárra framleiðsluverða þar. Þannig hefur Kohinoor náð athyglisverðum árangri í Chile sem er annað stærsta framleiðslulandið á laxi á eftir Noregi. Sölu til Chile er mögulegt að auka enn frekar með samþættingu þekkingar og reynslu Hampiðjunnar og Kohinoor. Aukið aðgengi að fiskmörkuðum í Mið-Austurlöndum þar sem dótturfyrirtæki Hampiðjunnar, Mørenot Aquaculture, hefur einnig unnið að stórum fiskeldisverkefnum undanfarin ár. Þá eru tækifæri til sóknar í Asíu og Eyjaálfu þar sem tvö dótturfyrirtæki Hampiðjunnar starfa, Hampidjan New Zealand og Hampidjan Australia. Í skýringu 13 er að finna frekari upplýsingar um kaupin.

Í lok ágúst var klárað að loka framleiðslueiningu félagsins í Póllandi, Poldan, og færist sú framleiðsla að mestu til Indlands. Einnig er búið að loka starfsemi Mørenot Denmark, móðurfélags Poldan, og er farið með þessi tvö félög sem aflagða starfsemi í reikningum félagsins og samanburðartölur leiðréttar í samræmi við reikningsskilareglur. Áfram verður unnið að endurskipulagningu á starfsemi Mørenot og verða næstu skref stigin í samræmi við uppbyggingu á Indlandi.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2025, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2025.

Það er jafnframt álit okkar að samandregni árshlutareikningurinn geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík 20. nóvember 2025

Stjórn:

Kristján Loftsson

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Auður Kristín Árnadóttir

Loftur Bjarni Gíslason

Sigrún Þorleifsdóttir

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýr.	1.7. -30.9 2025	1.7. -30.9 2024*	1.1. - 30.9 2025	1.1. - 30.9 2024*
Sala		92.865	74.980	277.644	233.193
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(69.549)</u>	<u>(54.780)</u>	<u>(204.236)</u>	<u>(170.472)</u>
Framlegð		23.316	20.200	73.408	62.721
Rekstrarkostnaður		<u>(18.580)</u>	<u>(14.911)</u>	<u>(52.445)</u>	<u>(44.714)</u>
Rekstrarhagnaður		4.736	5.289	20.963	18.007
Fjáreignatekjur	5	267	564	830	2.474
Fjármagnsgjöld	5	(2.982)	(3.421)	(9.712)	(9.878)
Gengismunur	5	(158)	(565)	(2.134)	586
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi		<u>(19)</u>	<u>201</u>	<u>50</u>	<u>357</u>
		<u>(2.892)</u>	<u>(3.221)</u>	<u>(10.966)</u>	<u>(6.461)</u>
Hagnaður fyrir skatta		1.844	2.067	9.997	11.546
Tekjuskattur		<u>(375)</u>	<u>(562)</u>	<u>(1.545)</u>	<u>(2.303)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta		1.469	1.505	8.452	9.243
Aflögð starfsemi eftir skatta	11	<u>(457)</u>	<u>(404)</u>	<u>(2.266)</u>	<u>16</u>
Hagnaður		<u>1.012</u>	<u>1.101</u>	<u>6.186</u>	<u>9.259</u>
Skipting hagnaðar					
Hluti hluthafa móðurfélagsins		593	842	5.168	8.432
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>419</u>	<u>259</u>	<u>1.018</u>	<u>827</u>
		<u>1.012</u>	<u>1.101</u>	<u>6.186</u>	<u>9.259</u>
Grunnhagnaður á hlut (EUR cent) áframhaldandi starfsemi		0,23	0,56	1,35	1,48
Grunnhagnaður á hlut (EUR cent) með aflagðri starfsemi		0,16	0,56	0,99	1,48
EBITDA		8.785	8.992	33.018	28.683

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	1.7. -30.9	1.7. -30.9	1.1. - 30.9	1.1. - 30.9
Hagnaður tímabilsins	1.012	1.101	6.186	9.259
Liðir sem síðar verða færðir í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga	(1.554)	(2.404)	(6.329)	(3.805)
Liðir sem verða ekki færðir í rekstrarreikning				
Matsbreyting á eignarhlutum í öðrum félögum	<u>339</u>	<u>88</u>	<u>(112)</u>	<u>(123)</u>
Heildarafkoma tímabilsins	<u>(203)</u>	<u>(1.215)</u>	<u>(255)</u>	<u>5.331</u>
Skipting heildarafkomu				
Hluti hluthafa móðurfélagsins	(378)	(1.394)	(770)	4.631
Hluti minnihluta	<u>175</u>	<u>179</u>	<u>515</u>	<u>700</u>
Heildarafkoma tímabilsins	<u>(203)</u>	<u>(1.215)</u>	<u>(255)</u>	<u>5.331</u>

*Samanburðarfjárhæðum í rekstri og sjóðstreymi hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi sbr. skýringu 11

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýr.	30/9 2025	31/12 2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	186.146	180.747
Öefnislegar eignir	7	105.913	86.611
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.684	1.648
Eignarhlutir í öðrum félögum		2.041	2.170
Skuldabréf og langtímakröfur		1.009	1.595
Tekjuskattsinneign		3.175	1.932
		<u>299.968</u>	<u>274.703</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	137.198	126.735
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	78.207	66.620
Handbært fé	10	24.810	41.429
		<u>240.215</u>	<u>234.784</u>
Eignir vegna aflagðrar starfsemi	11	1.138	0
		<u>241.353</u>	<u>234.784</u>
Eignir samtals		<u>541.321</u>	<u>509.487</u>
Eigið fé og skuldir		30/9 2025	31/12 2024
Eigið fé			
Hlutfé		6.410	6.403
Yfirverðsreikningur hlutfjár		117.922	117.156
Matsbreytingar og aðrir varasjóðir		(10.090)	(4.151)
Annað bundið eigið fé		73.367	72.289
Óráðstafað eigið fé		67.881	68.563
		<u>255.490</u>	<u>260.260</u>
Hlutdeild minnihluta		14.201	12.970
Eigið fé samtals		<u>269.691</u>	<u>273.230</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		135.494	127.610
Tekjuskattsskuldbinding		7.816	7.885
		<u>143.310</u>	<u>135.495</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	53.062	46.730
Ógreiddir skattar		4.114	3.001
Skuldir við lánastofnanir		71.144	51.031
		<u>128.320</u>	<u>100.762</u>
Skuldir samtals		271.630	236.257
Eigið fé og skuldir samtals		<u>541.321</u>	<u>509.487</u>

Skýringar á bls 7 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikingskila

Hampiðjan hf. Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu 30. júní 2025

Fjárhæðir í þúsundum evra

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé	Yfir- verðsr.	Matsbr. og aðrir varasj.	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hlutf. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2024	6.403	117.156	(474)	62.980	69.519	14.690	270.274
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma jan. til sept. 2024 eftir skatta			(3.801)	0	8.432	700	5.331
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				5.041	(5.041)		0
	0	0	(3.801)	5.041	3.391	700	5.331
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut					(4.594)	(348)	(4.942)
Minnihluti, breyting						(2.262)	(2.262)
	0	0	0	0	(4.594)	(2.610)	(7.204)
Staða 30. september 2024 / 1. okt. 2024	6.403	117.156	(4.275)	68.021	68.316	12.780	268.401
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma okt. til des. 2024 eftir skatta			124	0	4.516	432	5.072
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				4.268	(4.268)		0
	0	0	124	4.268	248	432	5.072
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut					0	(5)	(5)
Minnihluti, breyting						(238)	(238)
	0	0	0	0	0	(243)	(243)
Staða 31. desember 2024 / 1. janúar 2025	6.403	117.156	(4.151)	72.289	68.563	12.970	273.230
<i>Heildaraðkoma:</i>							
Heildaraðkoma jan. til sept. 2025 eftir skatta			(5.938)	0	5.168	515	(255)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram móttækinn arð				1.078	(1.078)		0
	0	0	(5.938)	1.078	4.090	515	(255)
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda 1,1 kr. á hlut					(4.772)	(538)	(5.310)
Minnihluti, breyting						1.254	1.254
Sala eigin bréfa	7	766					773
	7	766	0	0	(4.772)	716	(3.283)
Staða 30. september 2025	<u>6.410</u>	<u>117.922</u>	<u>(10.090)</u>	<u>73.367</u>	<u>67.881</u>	<u>14.201</u>	<u>269.691</u>

Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	1.1. - 30.9 2025	1.1. - 30.9 2024*
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		20.963	18.007
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6,7	12.055	10.676
EBITDA		33.018	28.683
Hagnaður/(tap) af aflagðri starfsemi		(2.266)	16
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(2)	(95)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(10.099)	1.413
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		20.651	30.017
Innborgaðir vextir.....		50	2.234
Innborgaður arður.....		27	35
Greiddir vextir.....		(9.828)	(9.826)
Greiddir skattar.....		(2.533)	(2.741)
Handbært fé frá rekstri		8.367	19.719
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(16.457)	(15.609)
Kaup og sala óefnislegra eigna		(1.716)	(1.307)
Fjárfesting í dótturfélögum		(21.959)	(12.721)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		603	10
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		(39.529)	(29.627)
Fjármögnunarhreyfingar			
Bankalán, breyting		20.537	5.094
Arður greiddur til hluthafa		(4.772)	(4.594)
Arður greiddur til minnihluta		(538)	(348)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		15.227	152
(Lækkun) á handbæru fé		(15.935)	(9.756)
Handbært fé í byrjun ársins.....	10	41.429	52.974
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		(816)	(202)
Handbært fé frá keyptu dótturfélagi.....	13	132	1.387
Handbært fé í lok tímabilsins af áframhaldandi starfsemi		24.810	44.403

*Samanburðarfjárhæðum í rekstri og sjóðstreymi hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi sbr. skýringu 11

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarfagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á aðalmarkað Nasdaq á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 20. nóvember 2025.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til september 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

4. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta sem eru mótaðir af stýringu og eftirliti stjórnenda samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í sex starfspætti.

Starfspáttur 1.	Starfsemi Hampiðjunnar sem er yfirstjórn samstæðunnar, endursala og fjárfestingar. Starfsemi framleiðslufyrirtækjanna Hampidjan Baltic í Litháen og Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. í Indlandi þar sem framleidd eru net, kaðlar og ofurtóg.
Starfspáttur 2.	Starfsemi veiðarfærafélaganna í Swan Net Gundry á Írlandi og tengdra félaga ásamt Jackson Trawls og Jackson Offshore Supply í Skotlandi.
Starfspáttur 3.	Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélagsins Strandby Net.
Starfspáttur 4.	Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampidjan New Zealand, Hampidjan Canada, Hampidjan USA og dótturfélagsins Swan Net USA, Hampidjan Australia, Hampiðjan Ísland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampidjan TorNet og FiiZK Protection AS.
Starfspáttur 5.	Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vonin, Vónin Lithuania, Vónin Canada, Vónin Ísland, Volu Ventis og Vonin Scotland.
Starfspáttur 6.	Starfsemi eignarhaldsfélagsins Mørenot Holding AS og fiskeldisþjónustufélaganna Mørenot Aquaculture AS, Mørenot Denmark, Poldan Nets, Mørenot Mediterranean, Mørenot Baltic, Mørenot Canada ásamt starfsemi veiðarfærafélaganna Mørenot Fishery AS, Mørenot Island, North American Fishing Supplies, Mørenot China, China Trading. Starfsemi fasteignafélaganna Mørenot Eiendom I, Mørenot Eiendom II og Mørenot Eiendom III ásamt starfsemi Hampidjan Advant AS.

Skýringar, framhald

4. Starfsþáttayfirlit, framhald

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
Janúar til sept. 2025								
Rekstrartekjur	59.556	17.678	17.381	63.547	66.630	94.601	(41.749)	277.644
Beinn framl.kostn	(45.235)	(12.892)	(14.207)	(48.590)	(50.695)	(72.918)	40.301	(204.236)
	14.321	4.786	3.174	14.957	15.935	21.683		73.408
Rekstrarkostnaður	(11.984)	(3.307)	(1.384)	(9.436)	(10.283)	(17.499)	1.448	(52.445)
Rekstrarhagnaður (-tap)	2.337	1.479	1.790	5.521	5.652	4.184		20.963
Sem hlutfall af rekstrartekjum	4%	8%	10%	9%	8%	4%		8%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(4.325)	(49)	(198)	(2.164)	(1.182)	(3.098)		(11.016)
Hlutdeildarafkoma	37	0	0	0	13	0		50
Tekjuskattur	409	(313)	(348)	(502)	(905)	114		(1.545)
Aflögð starfsemi e. skatta	0	0	0	0	0	(2.266)		(2.266)
Hagnaður (tap) tímabils.	(1.542)	1.117	1.244	2.855	3.578	1.200		6.186
Afskriftir fastafjármuna	2.814	388	534	1.639	2.542	4.138		12.055
Kaup/sala fastafjármuna	(6.266)	(132)	(64)	(2.898)	(4.419)	(4.394)		(18.173)
EBITDA	5.151	1.867	2.324	7.161	8.194	8.321		33.018
	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
Janúar til sept. 2024*								
Rekstrartekjur	34.484	18.708	15.111	57.840	66.907	79.463	(39.320)	233.193
Beinn framl.kostn	(28.152)	(13.549)	(12.048)	(44.385)	(48.666)	(61.529)	37.857	(170.472)
	6.332	5.159	3.063	13.455	18.241	17.934		62.721
Rekstrarkostnaður	(5.686)	(3.066)	(1.298)	(7.939)	(11.021)	(17.167)	1.463	(44.714)
Rekstrarhagnaður (-tap)	646	2.093	1.765	5.516	7.220	767		18.007
Sem hlutfall af rekstrartekjum	2%	11%	12%	10%	11%	1%		8%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(2.009)	99	(137)	(1.221)	(1.243)	(2.307)		(6.818)
Hlutdeildarafkoma	265	0	0	0	92	0		357
Tekjuskattur	392	(408)	(355)	(897)	(1.139)	104		(2.303)
Aflögð starfsemi e. skatta	0	0	0	0	0	16		16
Hagnaður (tap) tímabils.	(706)	1.784	1.273	3.398	4.930	(1.436)		9.259
Afskriftir fastafjármuna	1.599	407	486	1.362	2.698	4.124		10.676
Kaup/sala fastafjármuna	(1.576)	(835)	(3.876)	(438)	(8.085)	(2.106)		(16.916)
EBITDA	2.245	2.501	2.251	6.879	9.918	4.889		28.683
	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
30/9 2025								
Fastafjármunir	100.385	15.427	15.118	37.453	84.559	77.607	(30.581)	299.968
Veltufjármunir	58.142	17.145	9.226	65.611	52.062	70.719	(31.552)	241.353
Langtímaskuldir	79.660	758	6.443	28.525	22.124	36.381	(30.581)	143.310
Skammtímaskuldir	61.409	3.181	4.626	28.151	27.057	35.448	(31.552)	128.320
31/12 2024								
Fastafjármunir	71.608	15.885	15.603	36.756	83.001	82.478	(30.628)	274.703
Veltufjármunir	52.973	17.546	9.556	70.178	52.395	62.160	(30.024)	234.784
Langtímaskuldir	66.871	720	7.568	29.083	22.225	39.656	(30.628)	135.495
Skammtímaskuldir	37.950	3.121	4.638	31.948	26.221	26.908	(30.024)	100.762

*Samanburðarfjárhæðum í rekstri hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi sbr. skýringu 11

Skýringar, framhald

	1.1. - 30.9 2025	1.1. - 30.9 2024*	
5. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjáreignatekjur			
Vaxtatekjur	803	2.439	
Fenginn arður	27	35	
	830	2.474	
Fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld	(9.712)	(9.878)	
	(9.712)	(9.878)	
Gengismunur	(2.134)	586	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) nettó	(11.016)	(6.818)	
6. Varanlegir rekstrarfjármunir			
	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2024			
Kostnaðarverð	171.191	116.332	287.523
Uppsafnaðar afskriftir	(48.651)	(69.301)	(117.952)
Bókfært verð	122.540	47.031	169.571
Hreyfingar árið 2024			
Bókfært verð í byrjun árs 2024	122.540	47.031	169.571
Nýir leigusamningar	222	123	345
Gengismunir	(864)	434	(430)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.535	472	4.007
Viðbætur	15.326	7.949	23.275
Kaupverðsútteiling	438	0	438
Selt og aflagt	(903)	(2.560)	(3.463)
Afskriftir	(6.751)	(6.245)	(12.996)
Bókfært verð í lok árs 2024	133.543	47.204	180.747
Staða 1. janúar 2025			
Kostnaðarverð	184.631	119.941	304.572
Uppsafnaðar afskriftir	(51.088)	(72.737)	(123.825)
Bókfært verð	133.543	47.204	180.747
Hreyfingar árið 2025			
Bókfært verð í byrjun árs 2025	133.543	47.204	180.747
Nýir leigusamningar	205	63	268
Gengismunir	(1.204)	(1.499)	(2.703)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	3.845	3.473	7.318
Viðbætur	8.391	5.864	14.255
Selt og aflagt	(2.617)	(47)	(2.664)
Afskriftir	(4.969)	(6.106)	(11.075)
Bókfært verð í lok tímabils	137.194	48.952	186.146
Staða 30. september 2025			
Kostnaðarverð	191.945	130.405	322.350
Uppsafnaðar afskriftir	(54.751)	(81.453)	(136.204)
Bókfært verð í lok tímabils	137.194	48.952	186.146
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:	1.1. - 30.9 2025	1.1.-31.12 2024*	
Framleiðslukostnaður	8.255	9.768	
Annar rekstrarkostnaður	2.820	3.228	
	11.075	12.996	

7. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Aðrar óefnislegar	Samtals
Staða 1. janúar 2024				
Kostnaðarverð	62.720	1.114	24.499	88.333
Uppsafnaðar afskriftir	(351)	(1.086)	(10.042)	(11.479)
Bókfært verð	62.369	28	14.457	76.854
Hreyfingar árið 2024				
Bókfært verð í byrjun árs 2024	62.369	28	14.457	76.854
Gengismunur	(541)	0	(539)	(1.080)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	8.943	0	33	8.976
Viðbætur	239	158	3.002	3.399
Kaupverðsútdeiling	(3.482)	0	3.044	(438)
Selt og aflagt	0	0	(104)	(104)
Afskriftir	0	(25)	(971)	(996)
Bókfært verð í lok árs 2024	67.528	161	18.922	86.611
Hreyfingar árið 2025				
Bókfært verð í byrjun árs 2025	74.054	161	12.396	86.611
Gengismunur	(2.529)	0	(21)	(2.550)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum	18.164	0	21	18.185
Viðbætur	0	168	4.495	4.663
Kaupverðsútdeiling	(2.575)	0	2.558	(17)
Selt og aflagt	0	0	1	1
Afskriftir	0	(6)	(974)	(980)
Bókfært verð í lok tímabils	87.114	323	18.476	105.913
Staða 30. september 2025				
Kostnaðarverð	87.424	1.440	30.138	119.002
Uppsafnaðar afskriftir	(310)	(1.117)	(11.662)	(13.089)
Bókfært verð í lok tímabils	87.114	323	18.476	105.913
Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:			1.1. - 30.9 2025	1.1.-31.12 2024
Framleiðslukostnaður			392	401
Annar rekstrarkostnaður			588	595
			980	996

Virðisýrjunarpróf vegna viðskiptavildar:

Virðisýrjunarpróf er framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári nema ef vísbendingar um virðisýrjun séu til staðar. Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind með sama hætti og starfsþættir félagsins sbr. skýringu nr. 4.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisýrjun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gerð er vegin nafnverðskrafa á fjárflæði en um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Áfvöxtunarstuðlarnir endurspeglar sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfspáttum.

Kaupverðsútdeiling:

Gengið var frá kaupum Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. í byrjun febrúar 2025 en samstæðan hefur 12 mánuði frá yfirtökudegi til að ganga frá kaupverðsútdeilingu vegna kaupanna en þeirri vinnu var ekki lokið í lok reikningsskilatímabilsins. Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. er hluti af starfsþætti 1.

Lokið var við kaupverðsútdeilingu á FiiZK production á tímabilinu, yfirverði að fjárhæð 2.575 þúsund EUR var útteilt á viðskiptasambönd að fjárhæð 2.558 þúsund EUR, 742 þúsund EUR á skattinneign og 724 þúsund EUR skattskuldbinding. Eftir stendur viðskiptavild að fjárhæð 6.437 þúsund EUR vegna kaupa félgsins á FiiZK Production frá því í september 2024.

8. Birgðir

Birgðir greinast þannig í lok tímabils:	2025	2024
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	129.261	121.400
Vörur í vinnslu	4.144	4.139
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	3.793	1.196
	<u>137.198</u>	<u>126.735</u>

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig í lok tímabils:	2025	2024
Viðskiptakröfur	67.966	62.405
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.308)	(1.247)
Viðskiptakröfur nettó í lok tímabils	66.658	61.158
Skuldabréf og aðrar kröfur	12.558	7.057
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í lok tímabils	<u>79.216</u>	<u>68.215</u>
Þar af langtímakröfur	(1.009)	(1.595)
	<u>78.207</u>	<u>66.620</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1.308 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2025	2024
Niðurfærsla í byrjun árs	1.247	1.537
Endanlega tapaðar kröfur á tímabilinu	0	(324)
Breyting niðurfærslu á tímabilinu	61	34
	<u>1.308</u>	<u>1.247</u>

10. Handbært fé

	2025	2024
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafrjárfestingar	24.810	41.429
	<u>24.810</u>	<u>41.429</u>

11. Aflögð starfssemi

Á tímabilinu var tekin ákvörðun í kjölfar hagræðingaaðgerða sem farið var í samhliða kaupunum á Kohinoor að leggja niður framleiðslueiningar í Poldan Net og Mørenot Denmark sem eru að fullu í eigu Mørenot sem Hampiðjan hf. á að fullu. Áhrifin af rekstri félaganna á meðan verið er að ganga endanlega frá lokun og uppgjör samninga eru sýnd hér að neðan. Uppgjör á aflagðri starfssemi er sýnd sérstaklega í rekstri ásamt samanburðarfrjárhæðum í rekstri í samræmi við ákvæði reikningsskilastaðalins IFRS 5 um eignir til sölu og aflagða starfssemi. Áhrif á eignir og skuldir eru jafnframt dregin saman í efnahagsreikningi í samræmi við IFRS 5.

Afkoma af aflagðri starfssemi eftir tekjuskatt	1.1. - 30.9 2025	1.1. - 30.9 2024
Hreinn hagnaður (tap) af aflagðri starfssemi	(2.266)	16
Tekjuskattur	0	0
Afkoma af aflagðri starfssemi eftir tekjuskatt	(2.266)	16
 Afkoma af aflagðri starfssemi		
Poldan Net	(515)	(111)
Mørenot Denmark	(1.752)	127
Afkoma af aflagðri starfssemi eftir tekjuskatt	(2.266)	16

11. Aflögð starfssemi, framhald

Rekstrarreikningur aflagðrar starfssemi.

	1.1. - 30.9 2025	1.1. - 30.9 2024
Sala	7.271	6.659
Beinn framleiðslukostnaður	(6.151)	(4.123)
Framlegð	1.120	2.536
Rekstrarkostnaður	(3.348)	(2.494)
Rekstrarhagnaður	(2.227)	42
Fjármagnsgjöld	(39)	(26)
	(39)	(26)
Hagnaður fyrir skatta	(2.266)	16
Tekjuskattur	0	0
Afkoma af aflagðri starfsemi	<u>(2.266)</u>	<u>16</u>
Eignir af aflagðri starfssemi í lok tímabils		2025
Poldan Net		1.138
Mørenot Denmark		0
Aflögð starfsemi heildareignir		<u>1.138</u>

Aðeins eru tilgreindar eignir sem eru til sölu af aflagðri starfsemi en um er að ræða fasteign í eigu Poldan Net sem er í sölufæri og er metin af því sem lægra reynist, gangvirði eða bókfærðu virði.

Á tímabilinu var tekin ákvörðun um að loka framleiðslunni í Poldan Net og færa til Indlands ásamt því að hluti af eignum félagsins fór yfir í aðstöðu Hampiðjunnar Baltic. Sama á við um starfsemi Mørenot Denmark, sem er móðurfélag Póldan, en hluti af hagræðingaaðgerðum félagsins var að leggja niður starfsemina þar og færa hana yfir á aðrar starfsstöðvar félagsins. Ákvörðunin í Danmörku leiddi m.a. til að þess að greiða þurfti upp leigusamning sem félagið hafði gert.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptaskuldir	46.870	45.345
Aðrar skammtímaskuldir	1.420	1.385
	<u>53.062</u>	<u>46.730</u>

13. Kaup á Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.

Í byrjun febrúar 2025 var gengið frá kaupum á indverska félaginu Kohinoor Ropes Pvt. Ltd., sem er stærsti framleiðandi neta og kaðla á Indlandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru rúmlega 700 og starfsstöðvarnar eru þrjár, tvær neta- og kaðlaverksmiðjur í Selu og netaverkstæði í Jalna. Félagið er einnig með skrifstofu í Aurangabad. Í heild verða starfsmenn samstæðu Hampiðjunnar um 2.700 eftir kaupin. Eigendur Kohinoor munu eiga áfram 24,9% hlut í fyrirtækinu en það hefur verið náinn samstarfsaðili samstæðu Hampiðjunnar um árabíl. Verið er að staðfesta forsendur fyrir uppgjöri og kaupverðið verður síðan aðlagð að niðurstöðu þeirrar skoðunar. Einnig eru í samningnum um kaupin tvö rekstrarafkomuviðmið sem geta skilað seljendum aukagreiðslum ef þau nást. Ef EBITDA sem nemur 4,45 milljónum evra næst á rekstrarárinu 2024/2025 þá kemur til viðbótargreiðsla að fjárhæð 2,07 milljón evra til seljenda. Samsvarandi markmið fyrir rekstrarárið 2025/2026 nemur 5,52 milljón evrum og viðbótargreiðslan er einnig 2,07 milljón evrur.

Kaupverðið var að greitt með handbæru fé.

Kaupverð

75,1% eignarhlutur Hampiðjunar hf. greiddur með peningum 21.947

Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði	Gangvirði
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.318
Óefnislegar eignir	21
Aðrar fjáreignir	196
Vörubirgðir	4.460
Viðskiptakröfur	3.808
Handbært fé	132
Aðrir veltufjármunir	2.038
Langtímaskuldir	(4.422)
Skammtímaskuldir	(2.611)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	(5.905)
Nettó eignir keyptar	5.037
Hlutdeild minnihluta	(1.254)
Viðskiptavild, mismunur á kaupverði og gangvirði eigna og skulda	18.164
Eignir keyptar	21.947

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 11. febrúar 2025. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaganna tveggja. Vegna viðskiptanna er viðskiptavild að fjárhæð 18.164 þúsund evra færð í samstæðunni. Útdeilingu á yfirverði var ekki lokið þann 30. september 2025, en félagið hefur heimild til að taka allt að 12 mánuði í kaupverðsútdeilingu og mun sú útdeiling koma inn í uppgjör félagsins fyrir 1. ársfjórðung ársins 2026.

Í árshlutareikninginn koma á tímabilinu sölutekjur frá félaginu að fjárhæð um 22 milljónir evra, EBITDA að fjárhæð 4,4 milljónir evra og hagnaður að fjárhæð um 1,9 milljónir evra. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins eru í skýringu nr. 4 um starfsþætti. Ef Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. hefði verið hluti af samstæðunni allt árið 2025 þá hefðu tekjur aukist um 2,7 milljónir evra og hagnaður lækkað um tæpar 100 þúsund evra.

Áhrif á handbært fé

Handbært fé til staðar í Kohinoor Ropes Pvt. Ltd. við kaup 132

14. Árshlutayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshluta:

	júl.-sept. 2025	apr.-jún. 2025	jan-mars 2025	okt. - des. 2024	júl. -sept. 2024	apr. - jún. 2024
Rekstrartekjur	92.865	95.932	88.847	78.975	74.980	83.645
Rekstrargjöld án afskrifta	(84.080)	(82.988)	(77.558)	(70.345)	(65.989)	(72.256)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	8.785	12.944	11.289	8.630	8.992	11.388
Afskriftir	(4.049)	(3.867)	(4.137)	(3.316)	(3.703)	(3.172)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	4.736	9.077	7.152	5.314	5.289	8.216
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.892)	(4.308)	(3.768)	71	(3.221)	(1.932)
Hagnaður fyrir skatta	1.844	4.769	3.384	5.385	2.067	6.284
Tekjuskattur	(375)	(742)	(428)	(631)	(562)	(1.189)
Aflögð starfsemi eftir skatta	(457)	(1.688)	(121)	0	(404)	320
Hagnaður árshluta	1.012	2.339	2.835	4.754	1.101	5.415

15. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Kaðla- og netaframleiðsla	100%	
Hampidjan Australia Ltd	Ástralía	Veifaræragæð	100%	
Hampidjan New Zealand Ltd	Nýja Sjáland	Veifaræragæð	100%	
Hampidjan Canada Ltd	Kanada	Veifaræragæð	100%	
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veifaræragæð	100%	
Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veifaræragæð	100%	
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S	Danmörk	Veifaræragæð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG)	Írland	Veifaræragæð	65%	35%
Costal Cages, dótturf. SNG	Írland	Fiskeldisbúnaður	65%	35%
Swan Net East Coast Services, dótturfélag SNG	Bandaríkin	Veifaræragæð	65%	35%
Hampiðjan Ísland ehf	Ísland	Veifaræragæð	100%	
Hampidjan Russia Ltd	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot ehf.	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA	Spánn	Veifaræragæð	100%	
P/F Von	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	100%	
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von	Færeyjar	Veifaræragæð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin	Kanada	Veifaræragæð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin	Grænland	Veifaræragæð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin	Ísland	Sölufélag	100%	
Volu Ventis ApS, dótturfélag P/F Vónin	Danmörk	Vöruþróun	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von	Noregur	Veifaræragæð	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von	Litháen	Veifaræragæð	100%	
Vonin Scotland, dótturfélag P/F Von	Skotland	Fiskeldisbúnaður	100%	
Jackson Trawls Ltd	Skotland	Veifaræragæð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	
Mørenot Holding AS	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Mørenot Fishery AS, dótturf. Mørenot Holding AS	Noregur	Veifaræragæð	100%	
Mørenot Aquaculture AS, dótturf. Mørenot Holding AS	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Hampidjan Advant AS, dótturf. Mørenot Holding AS	Noregur	Sölufélag	100%	
Mørenot Eiendom I AS, dótturf. Mørenot Fishery	Noregur	Fasteignafélag	100%	
Mørenot Eiendom II AS, dótturf. Mørenot Fishery	Noregur	Fasteignafélag	100%	
Mørenot Eiendom III AS, dótturf. Mørenot Aquaculture	Noregur	Fasteignafélag	100%	
Mørenot Denmark AS, dótturf. Mørenot Aquaculture	Danmörk	Aflögð starfsemi	100%	
Poldan Nets, dótturfélag Mørenot Denmark AS	Pólland	Aflögð starfsemi	100%	
Mørenot Baltic, dótturf. Mørenot Aquaculture	Litháen	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot China, dótturf. Mørenot Fishery AS	Kína	Kaðla- og önglaframleiðsla	100%	
Mørenot China Trading, dótturf. Mørenot Fishery	Kína	Innkaupafélag	100%	
Mørenot Korea Co. Ltd., dótturf. Mørenot Fishery	S Kórea	Sölufélag	100%	
Mørenot Canada, dótturf. Mørenot Aquaculture	Kanada	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot Mediterranean, dótturf. Mørenot Aquaculture	Spánn	Fiskeldisbúnaður	100%	
Mørenot Ísland ehf., dótturf. Hampiðjunar Ísland ehf.	Ísland	Sölufélag	100%	
FiiZk Protection AS	Noregur	Fiskeldisbúnaður	100%	
Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.	Indland	Kaðla- og netaframleiðsla	75%	25%

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 14,2 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,5 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Voot ehf., Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd., Jackson Offshore Supply Ltd. og Kohinoor Ropes Pvt. Ltd.

Swan Net Gundry Ltd. á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 4 um starfspætti, starfspáttur 2.